

Múlaþing  
Lyngási 12,  
700 Egilsstaðir

Garðabær, 19. desember 2023  
Málsnúmer: 202311-0048  
BK

## Efni: Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag vegna frístundabyggðar við Eiða

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 21. nóvember 2023, þar sem Múlaþing óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu vegna breytingar á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags fyrir frístundabyggð við Eiða.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsögn, dags. 17. febrúar 2023, um skipulags- og matslýsingu fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Fljótaldshéraðs 2008-2028 vegna sömu áforma. Í umsögninni kom fram að skipulagssvæðið einkennist af verðmætum vistgerðum og ríku fuglalífi og er innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi, fugla og sela (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/uttherad>). Í náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar má sjá að svæðið er hluti af Eiðagriðlandi sem einkennist af fjölbreyttu landslagi, vötnum, tjörnum, blám, skóglendi o.fl. Þá eru votlendisflákar innan skipulagssvæðisins sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í ljósi ofangreindra náttúruverðmæta, gerði Náttúrufræðistofnun athugasemdir við umfang skipulagsins, sem í upphafi fól í sér tífoldun frístundahúsa á svæðinu, en vinnslutillagan sem nú er lögð fram felur í sér um þriðjung af áður kynntum áformum. Fram kemur í tillögunni að ákvarðanir um frekari uppbyggingu verða teknar í tengslum við heildarendurskoðun aðalskipulags sem nýlega er hafin.

Jákvætt er að verulega hafi verið dregið úr umfangi fyrirhugaðrar frístundabyggðar, þó að núverandi áformum muni óhjákvæmilega fylgja töluvert rask og uppbrot, meðal annars er fyrirhuguð veglagning um votlendi sem fellur undir áður nefnda 61. grein náttúruverndarlaganna. Til að draga úr neikvæðum áhrifum mætti endurskoða staðsetningu fjögurra lóða sem fyrirhugaðar eru suður af Eiðavatni ásamt tilheyrandi vegtengingum. Hafa ber í huga að 50 m fjarlægð mannvirkja frá vatnsbakka er ekki nægileg til þess að tryggja viðunandi fuglavernd og ætti að miða við 100 metra. Kanna þarf útbreiðslu eggtvíblöðku, friðaðrar plöntutegundar sem er skráð í Eiðahólma og gæti vaxið víðar innan fyrirhugaðs frístundasvæðis. Þá væri æskilegt að ekki fari fram frekari gróðursetning framandi trjáplantna innan svæðisins.

Að lokum vill Náttúrufræðistofnun hvetja sveitarfélagið til að beita sér fyrir verndun sambærilegs svæðis á Úthéraði, þ.e. svæðis sem einkennist af fjölbreyttri og lítt raskaðri mósaík vatna, votlendis og klapparása, og mætti líta til áður nefndrar náttúrumæraskrár í því sambandi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.



Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur, svið náttúruverndar

